



SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR - VOGAVÍK
STOFNFISKUR, FISK- OG SEIÐAELDI ÁSAMT FISKVINNSLU
DEILISKIPULAG
GREINARGERÐ MEÐ SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLUM ÁSAMT
UMHVERFISSKÝRSLU

ÚTGÁFA 0.0

09.12.2014

UNNIÐ FYRIR SVEITARFÉLAGIÐ VOGA



Sveitarfélagið Vogar

Samþykktir.....	1
1 Forsendur.....	2
1.1 Almennar upplýsingar.....	2
1.2 Afmörkun skipulagssvæðis og stærð	2
1.3 Núverandi aðstæður.....	3
1.4 Starfs- og rekstrarleyfi	4
1.5 Skipulagsleg staða.....	5
1.6 Gögn deiliskipulags.....	7
1.7 Minjar	7
2 Deiliskipulag	10
2.1 Lóðir.....	10
2.2 Byggingarreitir	10
2.3 Samgöngur.....	10
2.4 Veitur og sorp	11
2.5 Girðing	12
2.6 Lýsing	12
2.7 Varðveisla minja.....	12
3 Almennir skilmálar	14
3.1 Almennt	14
3.2 Hönnun og uppdrættir.....	14
3.3 Mæliblöð.....	14
3.4 Sorpgeymslur og sorpgámar.....	14
3.5 Frágangur lóða.....	14
4 Sérákvæði.....	15
4.1 Almennt	15
4.2 Byggingarreitur A.....	15
4.3 Byggingarreitur B	15
4.4 Byggingarreitur C	15
4.5 Byggingarreitur D.....	16
5 Umhverfisskýrsla.....	17
5.1 Tilkynning og matsskylda.....	17
5.2 Áherslur og aðferðarfræði	17

5.3	Kynning og samráð	17
5.4	Áhrifapættir	18
5.5	Umhverfispættir	18
5.6	Umhverfisviðmið.....	19
5.7	Greining umhverfisáhrifa	19
5.8	Valkostir	19
5.9	Samantekt og niðurstaða.....	22

Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 frá 27. janúar til 9. mars 2015, var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 25. mars 2015.

Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Voga

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann

1 Forsendur

1.1 Almennar upplýsingar

Viðfangsefni deiliskipulagsins er að gera deiliskipulag fyrir lóðir í eigu Stofnfisks við Vogavík en innan þeirra er gert ráð fyrir athafnasvæði A-3, óbyggðu svæði með hverfisvernd og brunnsvæði. Í skipulagslýsingu var gert ráð fyrir að mörk deiliskipulags yrðu eingöngu í samræmi við athafnasvæðið A-3 eftir breytingu í aðalskipulagi en ákveðið hefur verið að deiliskipulagið taki til alls svæðis innan lóða Stofnfisks.

Í deiliskipulaginu er skilgreindur byggingarreitur fyrir skrifstofubyggingu og rannsóknastofu norðan við aðkomuveg að lóðinni og byggingarreitur fyrir byggingar tengdar stækkun fiskeldisins svo sem eldishús beggja vegna við veginn. Bílastæði eru afmörkuð í tengslum við skrifstofubygginguna.

Hér er lýst almennum upplýsingum um deiliskipulagssvæðið og nágrenni þess.

Verði breytingar á skilmálum þessum, verður þeirra getið í þessari grein, í þeirri röð sem þær verða afgreiddar. Breytingar verða dagsettar og skilmálarnir fá nýtt útgáfunúmer. Fyrsta útgáfa er ónúmeruð, næsta útgáfa er merkt 0.1 ásamt dagsetningu breytinga og svo framvegis.

1.2 Afmörkun skipulagssvæðis og stærð

Svæðið sem deiliskipulagið nær til afmarkast af lóðamörkum lóða Stofnfisks og nær það út í sjó. Afmörkun athafnasvæðisins A-3 og hverfisverndar H-1 í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 er breytt samhliða gerð þessa deiliskipulags.

Skipulagssvæðið er alls um 17 ha. að flatarmáli. Sjá einnig meðfylgjandi skipulagsupprátt.



Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðisins.

1.3 Núverandi aðstæður

Stofnfiskur hf. var stofnað 1991 af Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði f.h. ríkissjóðs (75%), og Silfurlaxi hf. (25%). Nýlega var fyrirtækið selt til bresks líftækifyrirtækis sem heitir Benchmark Holding plc. Stofnfiskur hf. er vísinda- og þekkingarfyrirtæki á sviði fiskeldis, einkum er varðar kynbætur fiska. Stofnfiskur er með nokkrar starfstöðvar en tók til starfa í Vogavík árið 2005 og tók þá við af þrotabúi Sæbýlis. Hjá fyrirtækinu eru um 15 starfsmenn í Vogavík en auk þeirra eru rúmlega 20 starfsmenn á ýmsum starfstöðvum og ásamt skrifstofu starfa í heild 42 starfsmenn hjá fyrirtækinu. Eingöngu er um landeldi að ræða og er lögð áhersla á lax og silung.

Fyrirtækið er með heimild til að framleiða allt að 200 tonnum árlega í Vogavík og stefnt er á stækkun um 500 tonn í fyrsta áfanga en með tímanum í 1000 tonn.

1.3.1 Núverandi byggingar Stofnfisks:

Núverandi byggingar Stofnfisks í Vogavík eru eftirfarandi:

Rými	Lýsing	m ³	m ²
01 0101	Seiðaðishús	3.345	632
30 0101	Klakhús 1	4.069	1.099
31 0101	Rafstöðvarhús	341	90
35 0101	Sóttkví	277	146
36 0101	Sláturhús	255	69
37 0101	Kerskýli	3.438	793
38 0101	Dæluhús	79	27
39 0101	Kerskýli 2	10.436	2.335
40 0101	Kerskýli 3	6.364	1.744
41 0101	Kerskýli 4	3.330	624
42 0101	Eldishús lax/silung	9.443	1.852
43 0101	Eldishús lax/silung	9.443	1.852
	Samtals	50.820	11.262

Auk þessa eru á brunnsvæðinu tvö borholuhús (29 m² og 4 m²) byggð árið 2008. Í heild gerir þetta um 11.300 m².

Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Á svæðinu eru fyrir tvær byggingar sem eru nær sjó en 50 m sem gert er ráð fyrir að verði þar áfram.

1.3.2 Núverandi lóðir

Samkvæmt Þjóðskrá Íslands eru fjórar lóðir innan skipulagssvæðisins og innan þeirra eru staðsett þau mannvirki sem tilheyra núverandi starfsemi Stofnfisks. Í deiliskipulagi eru þrjár þessara lóða sameinaðar og eru þær sýndar sem ein lóð á deiliskipulagsupprætti en lóð fyrir vatnsveitu (nr. 212510) verður áfram sér lóð. Samkvæmt Þjóðskrá Íslands eru núverandi lóðir eftirfarandi:

1. Landnr. 212510, Vogar-vatnsveita. Iðnaðar- og athafnalóð 1.118 m².
2. Landnr. 131122, Vogavík-fiskeldi. Iðnaðar- og athafnalóð 98.882 m².
3. Landnr. 131123, partur úr landi Háþéjar. Iðnaðar- og athafnalóð 42.300 m².
4. Landnr. 130879, partur úr landi Nýþabéjar. Óútvísað land 29.280 m².

1.4 Starfs- og rekstrarleyfi

Í gildi eru tvö starfsleyfi fyrir Stofnfisk gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, annars vegar fyrir fiskeldi á landi sem gildir til 17.3.2022 og hins vegar fyrir fiskvinnslu sem gildir til 20.12.2024. Bæði starfsleyfin eru í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt gildandi rekstrarleyfi sem gildir til 04.03.2021 er rekstraraðila heimilt að stunda fiskeldi, klakfiska-, hrogn- og seiðaeldi á lax og bleikju. Heimilt er að framleiða samanlagt allt að 200 tonn. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu.

Fari ársframleiðsla yfir 200 tonn ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.

Hér á eftir er farið yfir helstu ákvæði í gildandi starfsleyfum sem vert er að nefna í deiliskipulagi.

1.4.1 Varnir gegn mengun umhverfis

Helstu þættir sem koma fram í starfsleyfum eru eftirfarandi:

- Beita skal bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins.
- Rekstraraðili skal tryggja umhverfisvernd, t.d. með því að fylgjast með ástandi eldisvatns og eldisbúnaðar.
- Fyrirtækinu er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis.
- Beita skal bestu fánlegri tækni við meðhöndlun úrgangs og stefna að lágmörkun úrgangs hjá fyrirtækinu.
- Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja aðgang fugls, meindýra og annarra villtra dýra að eldiskerjum, fóðurgeymslum, fráveitukerfi og úrgangi á vegum fyrirtækisins, eftir því sem frekast er unnt.
- Frárennsli frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka.
- Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í fráveitu sveitarfélags eða í rotþró með siturlögn.
- Takmarka skal loftmengun og hávaða frá starfseminni eins og kostur er.
- Ef mengunaróhapp verður skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að stöðva útbreiðslu efnanna og hreinsa upp það sem þegar hefur lekið niður.
- Verði rekstri hætt skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, ganga þannig frá athafnasvæði og búnaði að hvorki mengunar- né slyshætta skapist.

Nánari upplýsingar eru um hvern lið í starfsleyfunum.

1.4.2 Umhverfivöktun

Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með starfseminni. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um meðal annars:

- Vatnsnotkun, framleiðslumagn og afföll.
- Fóðurnotkun og fóðurgerð.
- Losun efna út í umhverfið þ.m.t. magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja.
- Viðhald og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar.
- Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð.
- Öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins.
- Afstöðumynd af stöðinni sem inniheldur m.a. frárennislagnir og hreinsivirki skal vera til staðar. Skrá skal allar breytingar sem gerðar eru á byggingum og frárennislögnum og varða mengunarvarnabúnað.

Núverandi starfsemi uppfyllir skilyrði beggja starfsleyfanna. Fyrirhuguð uppbygging skv. deiliskipulagi þessu krefst nýs starfs- og rekstrarleyfis þar sem gert er ráð fyrir að framleiða meira en 200 tonn árlega.

1.5 Skipulagsleg staða

Í gildi er Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og er gerð breyting á því samhliða nýju deiliskipulagi þar sem hluti af svæði skilgreint sem *óbyggt svæði* með *Hverfisvernd (H-1)* er breytt í *athafnasvæði A-3*, svæði fyrir fiskeldi *þéttbýlis* og svæði sem var skilgreint sem *athafnasvæði A-3* er breytt í *óbyggt svæði* með *Hverfisvernd (H-1)*. Göngustígur meðfram ströndinni er óbreyttur en stígur sem lá meðfram athafnasvæði A-3 er færður norðar, samhliða stækkun athafnasvæðisins.

1.5.1 Athafnasvæði í aðalskipulagi

Meginmarkmið fyrir athafnasvæði aðalskipulagsins eru:

- *Að stuðla að uppbygginu athafnasvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð í sveitarfélaginu.*
- *Að skilgreina afmörkuð athafnasvæði í nægilegu umfangi til að svara eftirspurn miðað við forsendur hverju sinni.*
- *Mikilvægt er að ráðstafa athafnarsvæðum markvisst m.t.t. eðlis þeirrar starfsemi sem þar á að fara fram. Þá er brýnt að í deiliskipulagi séu settar kvaðir sem tryggja ásættanlega ásýnd svæðanna, ekki síst þar sem athafnasvæðin eru í nánd við byggð og þjóðvegi og hafa því afgerandi áhrif á útlit hennar og ímynd í augum vegfarenda.*
- *Á nýjum athafnarsvæðum verði þess gætt að spilla hvorki lífríki né grunnvatni.*
- *Mælst er til þess að rekstraraðilar marki sér vinnureglur um söfnun og afhendingu úrgangsefna sem falla til í rekstri svo nýta megi þau til endurvinnslu.*

1.5.2 Óbyggð svæði

Í meginmarkmiðum um óbyggð svæði kemur meðal annar fram:

- *Allt landsvæði Sveitarfélagsins Voga sem ekki er skilgreint með annarri landnotkun er skilgreint sem óbyggð svæði, þ.e. undirliggjandi landnotkun í sveitarfélaginu er óbyggð svæði.*
- *Stór landsvæði í sveitarfélaginu sem teljast til óbyggðra svæða eru verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd, vatnsvernd eða eru hverfisverndarsvæði. Almenn útivistarsvæði eru hér einnig skilgreind sem óbyggð svæði, önnur en þau svæði sem skilgreind eru sem opin svæði til sérstakra nota. Um óbyggðu svæðin liggja víða stígar og margir þeirra fylgja gömlum þjóðleiðum.*

1.5.3 Hverfisvernd H-1

Um er að ræða svæði sem nær frá Búðatjörn (Mýrarhústjörn) í suðri (norðan þéttbýlis í Vogum) að landamörkum við Hafnarfjörð í norðri, að undanskildu svæðinu á milli Flekkuvíkur og frístundabyggðar í Hvassahrauni. Um er að ræða allt að 200 m breitt belti frá strönd en þar sem búsetulandslag er var reynt að afmarka hverfisvernd við það. Einnig fellur undir þennan flokk standsvæðið sunnan þéttbýlis. Svæðið nær yfir Síkistjarnir og Kristjánstanga, að athafnasvæði við Vogavík.

Á þeim hluta hverfisverndarinnar sem liggur innan skipulagssvæðisins er aðallega verið að vernda ströndina og minjar en tjarnir og votlendið í kringum þær auk búsetulandslags eru utan við skipulagssvæðið.

Skilmálar hverfisverndar H-1:

- *Ekki verður heimiluð þéttbýlismyndun við ströndina og takmörkuð verður heimild til nýbygginga nær sjó en u.þ.b. 200 m. Með því móti verður tryggt mjög strjálbýlt belti með mestallri ströndinni innan sveitarfélagsins, frá Vogastapa að sveitarfélagamörkum við Hafnarfjörð. Slíkt strjálbýlt belti rýrir að vísu nokkuð hugsanlegt byggingarland næst sjó en getur þó aukið heildarverðmæti alls lands í sveitarfélaginu til búsetu. Með því að takmarka nýbyggingar nærri sjó á Vatnsleysuströnd er verið að vernda einstakt búsetulandslag (sbr. 9. gr. þjóðminjalaga). Byggðarmynstrið verði þannig varðveitt að mestu.*
- *Stefnt er að friðlýsingu tjarna sem eru á náttúruminjaskrá og falla undir hverfisvernd H-1 samkvæmt náttúruverndarlögum.*
- *Á ströndinni er mikið af fornminjum sem ekki hafa verið staðsettar en hafa verið skráðar í svæðisskráningu fyrir sveitarfélagið. Ekki verði heimilt að raska fornminjum nema að undangenginni rannsókn og mati Fornleifaverndar ríkisins.*
- *Heimilt er að byggja stakar byggingar á hverri bújörð innan hverfisverndarsvæðis, þar sem aðstæður leyfa, þó þær tengist ekki búrekstri. Slíkar byggingar skulu vera í tengslum við núverandi bæjarhlöð og nýta sömu afleggjara. Huga ber að skipulagi og arkitektúr þannig að þessar nýbyggingar falli sem best að þeim byggingum og því forna byggðarmynstri sem fyrir er. Ekki er heimilt að byggja upp á hverfisverndarsvæði nema deiliskipulag sé í gildi fyrir svæðið.*



Mynd 2. Hluti aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga 2008-2028, samþykkt breyting.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir skipulagssvæðið.

1.6 Gögn deiliskipulags

Deiliskipulag fyrir Vogavík samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð með forsendum, skipulags- og byggingarskilmálum og umhverfisskýrslu.
- Deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:2000 á A2.

1.7 Minjar

Gerð hefur verið deiliskráning minja fyrir Vogavík og nær sú skráning aðeins útfyrir skipulagssvæðið¹. Í skýrslunni kemur fram að fyrir deiliskráningu var vitað um sjö fornleifar á svæðinu, skráðar árið 2008 þegar aðalskráning fornleifa fór fram. Ítarleg úttekt á deiliskráningarreitnum leiddi í ljós 29 nýjar fornleifar. Alls voru því skráðar 36 minjar en innan skipulagssvæðisins eru 28 minjar að hluta eða öllu leiti. Um margar af þeim nýju fornleifum sem skráðar voru leikur vafi um aldur og hlutverk og eru líkur á því að flestar þeirra séu yngri en 100

¹ Kristborg Þórsdóttir (2014) *Deiliskráning fornleifa í Vogavík Vogum á Vatnsleysuströnd*. FS553-14161, Fornleifastofnun Íslands SES, Reykjavík 2014

ára og séu því ekki fornleifar í laganna skilningi. Í deiliskráningu er hins vegar ekki hægt að líta framhjá minjum á borð við þessar þar sem aldur þeirra er ekki þekktur og þess vegna þeim leyft að njóta vafans. Minjarnar á svæðinu er nokkuð einsleitir. Mikið er um óskilgreind mannvirki eins og grjóthleðslur, gryfjur og þústir. Eftirfarandi tafla er listi yfir þær minjar sem eru skráðar innan skipulagsmarkanna:

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
GK-123:040	Brimarhólmstangavör	heimild	lending
GK-123:042	Vogaréttir	heimild	rétt
GK-123:129		garðlag	kálgarður
GK-123:130		gerði	óþekkt
GK-123:156		hleðsla	óþekkt
GK-123:157		hleðsla	óþekkt
GK-123:161		hleðsla	óþekkt
GK-123:164		mannvirki	óþekkt
GK-123:167		mannvirki	óþekkt
GK-123:168		hleðsla	óþekkt
GK-123:171		gryfja	óþekkt
GK-123:172		gryfja	óþekkt
GK-123:173		garðlag	kálgarður
GK-123:175		gryfja	óþekkt
GK-123:176		þúst	óþekkt
GK-123:177		hleðsla	óþekkt
GK-123:178		gryfja	óþekkt
GK-123:179		gryfja	óþekkt
GK-123:180		gryfja	mógrafir
GK-123:181		hleðsla	óþekkt
GK-123:182		þúst	óþekkt
GK-123:183		náma	mógrafir
GK-123:184		hleðsla	óþekkt
GK-123:185		mannvirki	óþekkt
GK-123:186		þúst	óþekkt
GK-123:187		hleðsla	óþekkt
GK-123:188		hleðsla	óþekkt
GK-123:189		hleðsla	óþekkt

Staðsetning minjanna er sýnd á deiliskipulagsupprætti en nánari lýsing á hverri fyrir sig er í skýrslu Kristborgar Þórsdóttur (2014) *Deiliskráning fornleifa í Vogavík Vogum á Vatnsleysuströnd*.

Í skýrslunni kemur einnig fram að komi til framkvæmda innan reitsins þar sem þekktar fornleifar eru mun Minjastofnun Íslands ákveða hvort og með hvaða skilyrðum fornleifar megi víkja.

Minnt er á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

“Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”

2 Deiliskipulag

Viðfangsefni deiliskipulagsins er að gera deiliskipulag fyrir lóðir í eigu Stofnfisks við Vogavík en innan þeirra er gert ráð fyrir athafnasvæði A-3, óbyggðu svæði með hverfisvernd H-1 og brunnsvæði. Fyrirtækið Stofnfiskur hefur í hyggju að stækka starfsemina sína auk þess að bæta við skrifstofubyggingu og rannsóknastofu. Gert er ráð fyrir að brunnsvæðið þjóni sveitarfélaginu í takmarkaðan tíma, eftir það verði það eingöngu fyrir starfsemi á svæðinu. Afmörkun athafnasvæðisins (A-3), óbyggða svæðisins (ÓB) og hverfisverndar (H-1) er breytt í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 samhliða gerð þessa deiliskipulags.

2.1 Lóðir

Lóðamörk eru sýnd á skipulagsupprætti og stærð lóða skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðamörkum, málsetningu lóða og lóðastærðum á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

Í deiliskipulagi eru skilgreindar tvær lóðir fyrir starfsemi Stofnfisks. Annarsvegar ein stór lóð fyrir starfsemi fyrirtækisins, en þessi lóð er sameinuð lóð þar sem áður voru þrjár lóðir (sjá kafla 1.3.2). Hinsvegar er lóð fyrirtækisins sem nær m.a. yfir vatnsveitu og vatnsból sveitarfélagsins sem rekið er af HS Orku hf. Ekki er gert ráð fyrir að vatnsból sveitarfélagsins verði til frambúðar á þessum stað en gert er ráð fyrir að Stofnfiskur muni nýta borholur á svæðinu til frambúðar.

Upplýsingar um lóðir í deiliskipulagi:

- Lóð athafnasvæðis Stofnfisks: 17,046 ha
- Lóð vatnsveitu: 1118,2 m²

2.2 Byggingarreitir

Á skipulagsupprætti eru sýndir byggingarreitir á lóðum og skulu mannvirki byggð innan þeirra. Byggingarreitir eru skilgreindir innan lóða og ná þeir utan um núverandi byggingar ásamt stækkunarmöguleikum sem eru innan hvernar lóðar. Staðsetning mannvirkja innan byggingarreita er frjáls. Innan byggingarreita er heimilt að hafa tilfallandi gáma í tengslum við starfsemina.

2.3 Samgöngur

2.3.1 Vegir

Aðkoma að lóð Stofnfisks er um aðkomuveg frá Stapavegi. Ekki er gert ráð fyrir nýjum vegum í deiliskipulagi þessu.

2.3.2 Bílastæði

Gert er ráð fyrir allt að 50 bílastæðum í tengslum við skrifstofu- og rannsóknarbyggingarnar sem anna eiga þeirri starfsemi sem er á svæðinu. Bílastæðin verða staðsett sunnan aðkomuvegar og eru þau bæði fyrir starfsmenn og gesti fyrirtækisins.

Bílastæði skulu vera í samræmi við kafla 6.2 byggingareglugerðar nr. 112/2012.

2.3.3 Stígar

Gert er ráð fyrir göngustíg meðfram ströndinni og nær hann í gegnum skipulagssvæðið. Einnig er gert ráð fyrir stíg norðan við athafnasvæðið sem liggur að hluta til í gegnum skipulagssvæðið. Göngustígarnir eru á skilgreindu hverfisverndarsvæði.

Lögð er áhersla á að skapa aðgengi fyrir sem flesta með viðráðanlegum langhalla á stígum þar sem því er við komið.

2.4 Veitur og sopp

2.4.1 Rafmagn

Hitaveita Suðurnesja sér svæðinu fyrir rafmagni með jarðstrengjum. Jarðstrengir liggja meðfram Stapavegi austan skipulagssvæðisins og frá þeim liggja jarðstrengir meðfram aðkomuveginum inná athafnasvæðið.

Samráð skal haft við Hitaveitu Suðurnesja vegna framkvæmda í nánd við núverandi rafstrengi.

2.4.2 Heitt vatn

Hitaveita Suðurnesja sér svæðinu fyrir heitu vatni. Tengt er inná hitaveitulögn sem liggur meðfram Stapavegi austan skipulagssvæðisins.

Heimilt verður að bora eftir heitu vatni innan athafnasvæðisins, líklega á syðsta hluta skipulagssvæðisins. Gerð verður grein fyrir staðsetningu borholunnar við umsókn um framkvæmdaleyfi.

2.4.3 Ferskvatn og jarðsjór

Grunnvatn á svæðinu kemur úr suðaustri og er gnógt grunnvatn hvarvetna undir yfirborðinu, talið er að grunnvatnsstraumurinn sé um 1200 l/sek². Á skipulagssvæðinu eru 11 borholur, 9 í notkun og sjá þær stöðinni og þéttbýlinu í Vogum fyrir því ferskvatni sem þörf er á. Hluti af borholunum er innan núverandi brunnsvæðis sveitarfélagsins sem er innan við austurmörk skipulagssvæðisins. Samkvæmt aðalskipulagi Voga er gert er ráð fyrir að taka í notkun nýtt brunnsvæði fyrir sveitarfélagið sunnan Reykjanesbrautar vegna mengunarhættu frá Reykjanesbrautinni.

Vatnsmagnið úr núverandi borholum er um 900 lítrar á sek. og er hitastig vatnsins 5-6°C.

² Sigurður G. Kristinsson og Þórólfur H. Hafstað (2006) *Vatnsból fyrir Voga. Dæling úr SV-5 og SV-6 í Vogavík*. ÍSOR, minnisblað 11 desember 2006.

Heimilt verður vegna fyrirhugaðra framkvæmda að bora innan athafnasvæðisins allt að sex ferskvatnsholur og sex jarðsjóholur auk heitavatnsholunnar. Gerð verður nánari grein fyrir staðsetningu borholanna í umsóknum um framkvæmdaleyfi.

2.4.4 Fráveita

Frárennsli frá fiskeldi og fiskvinnslu rennur út í sjó. Tvær rotþrær eru á skipulagssvæðinu, ein við klakhús og önnur niður við sjó (sjá uppdrátt). Gert er ráð fyrir að bæta við rotþró fyrir skrifstofu og rannsóknarstofu.

Kerfið skal vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp. Frágangur siturlagna, rotþróar og frárennslis skal vera vandaður í alla staði, þannig að engin mengun stafi af.

Samkvæmt gildandi starfsleyfi skal iðnaðarskólþ forhreinsað áður en það berst í fráveitukerfi eða viðtaka í samráði við viðeigandi heilbrigðiseftirlit.

Ef vart verður við að mengun sé yfir umhverfismörkum eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðiseftirlit, gera ráðstafanir til úrbóta t.d. að draga úr losun eða bæta hreinsibúnað.

Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn.

Staðsetning nýrrar rotþróar á uppdrætti er leiðbeinandi.

2.4.5 Sorpgeymslur

Allt sorp fer í sorptunnur og gáma sem flutt er út fyrir svæðið og fargað skv. gildandi lögum.

2.5 Girðing

Girða má af athafnasvæðið líkt og gert er með allt að tveggja metra hárrí girðingu.

2.6 Lýsing

Frjálst er að setja upp lýsingu á lóð og mannvirki innan lóðar. Gæta skal þess að lýsing valdi ekki óþægindum eða truflun utan lóðamarka

2.7 Varðveisla minja

Eins og tekið er fram í kafla 1.7 eru 28 skráðar fornleifar á skipulagssvæðinu og má sjá staðsetningu þeirra á deiliskipulagsuppdrætti.

Margar þessara fornleifa eru innan byggingareita þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Vegna þessa er með öllu óheimilt að ráðast í framkvæmdir í nánd við þessar minjar nema að undangengnu samráði við Minjastofnun Íslands, sbr. 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem sjá má hér að neðan.

Minnt er á 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, Fornleifar í hættu, en þar segir:

„Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar. Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða. Minjastofnun Íslands ákveður að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar er þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir. Stofnunin skal hafa samráð við Umhverfisstofnun þegar fjallað er um blandaðar minjar, þ.e. menningarminjar sem einnig teljast til náttúruminja.“

3 Almennir skilmálar

3.1 Almennt

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda að jafnaði um allar byggingar og framkvæmdir í tengslum við deiliskipulag þetta.

3.2 Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

Þar sem hús eru samtengd skal samræma útlit, þakform, lita- og efnisval.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingarreglugerð (112/2012).

3.3 Mæliblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir megin hlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð. Sorpgeymslur og sorpgámar

3.4 Sorpgeymslur og sorpgámar

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.12 í byggingareglugerð (112/2012).

3.5 Frágangur lóða

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 7.2 í byggingareglugerð (112/2012).

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

Lóðarhafi skal ganga frá lóð sinni meðfram opnum svæðum í þeirri hæð, sem sýnd er á mæliblöðum, og bera allan kostnað af því.

4 Sérákvæði

4.1 Almennt

Hér er lýst sérstökum skilmálum fyrir þá húsagerð sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi þessu.

4.2 Byggingarreitur A

Innan byggingarreits er heimilt að byggja kerskýli, eldishús, eldisker og önnur mannvirki tengd fiskeldi og fiskvinnslu, líkt og fyrir er á svæðinu. Gert er ráð fyrir að allar byggingar sem þegar standa á skipulagssvæðinu verði áfram. Heimilt er að endurbyggja núverandi byggingar að hluta eða öllu leiti innan byggingarreits. Hæð nýrra bygginga og viðbygginga skal vera að hámarki 7,0 m yfir aðalgólfi og útlit skal vera í samræmi við núverandi byggingar á svæðinu. Gert er ráð fyrir að fóðursíló og súrefnistankar geti verið allt að 9,0 m að hæð, yfir aðliggjandi óhreyfðu landi.

Þar sem lóðin er á skilgreindu lágsvæði skal gólfkóti aðalhæða nýrra bygginga vera að lágmarki 4,75 m innan 100 m frá strönd, en 4,3 m fjær og er sá gólfkóti skv. leiðbeiningum um skipulag á lágsvæðum³.

Leyfilegt byggingarmagn til viðbótar við núverandi byggingar er 6.000 m². Byggingarmagn núverandi bygginga er um 10.600 m² og því er hámarks byggingarmagn innan byggingarreits A 16.600 m².

4.3 Byggingarreitur B

Innan byggingarreits er heimilt að byggja kerskýli, eldishús, eldisker og önnur mannvirki tengd fiskeldi og fiskvinnslu, líkt og fyrir er á svæðinu. Hæð bygginga skal vera að hámarki 7,0 m yfir aðalgólfi og útlit skal vera í samræmi við núverandi byggingar á svæðinu. Gert er ráð fyrir að fóðursíló og súrefnistankar geti verið allt að 9,0 m að hæð, yfir aðliggjandi óhreyfðu landi.

Þar sem lóðin er á skilgreindu lágsvæði skal gólfkóti aðalhæða nýrra bygginga vera að lágmarki 4,75 m innan 100 m frá strönd, en 4,3 m fjær og er sá gólfkóti skv. leiðbeiningum um skipulag á lágsvæðum. Gert er ráð fyrir að koma megi fyrir hreinsistöð fyrir fráveitu innan byggingarreits.

Hámarks byggingarmagn innan byggingarreits B er 15.000 m².

4.4 Byggingarreitur C

Innan byggingarreits er heimilt að byggja kerskýli og aðrar byggingar tengdar fiskeldi og fiskvinnslu, líkt og fyrir er á svæðinu. Gert er ráð fyrir að allar byggingar sem þegar standa á skipulagssvæðinu verði áfram. Heimilt er að endurbyggja núverandi byggingar að hluta eða öllu leiti innan byggingarreits. Hæð húsa skal vera að hámarki 7,0 m yfir aðalgólfi og útlit skal vera í samræmi við núverandi hús á svæðinu. Gólfkóti aðalhæða nýrra bygginga skal vera í samræmi við núverandi

³ Skipulag ríkisins (nú Skipulagsstofnun og Fjarhitun, *Skipulags- og byggingarreglur á lágsvæðum þar sem hætta er á flóðum* 1992)

byggingar innan reitsins. Ef um algjöra endurbyggingu húsa er að ræða skal gólfkóti aðalhæða nýrra bygginga vera að lágmarki 4,75 m.

Leyfilegt byggingarmagn til viðbótar við núverandi byggingar er 1000 m². Byggingarmagn núverandi bygginga er um 700 m².

Hámarks byggingarmagn innan byggingarreits C er 1.700 m².

4.5 Byggingarreitur D

Innan byggingarreits er heimilt að byggja skrifstofubyggingu og rannsóknabyggingu eða aðrar byggingar sem þjóna starfsemi svæðisins. Hæð bygginga skal vera að hámarki 8,0 m yfir aðalgólfi og heimilt er að hafa þær á tveim hæðum.

Þar sem lóðin er á skilgreindu lágsvæði skal gólfkóti aðalhæða nýrra bygginga vera að lágmarki 4,3 m þar sem byggingarreiturinn er allur meira en 100 m frá strönd, og er sá gólfkóti skv. leiðbeiningum um skipulag á lágsvæðum.

Hámarks byggingarmagn innan byggingarreits D er 2000 m².

5 Umhverfisskýrsla

Megintilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá helstu mögulegum umhverfisáhrifum sem framkvæmd skv. deiliskipulagi þessu er líkleg til að hafa á umhverfið. Þá er reynt að segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana.

Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Markmiðið með matsvinnunni er jafnframt að sýna fram á að við gerð deiliskipulagstillögu hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið.

Matsvinna var unnin samhliða deiliskipulagsvinnu. Í matsvinnu var skoðað hvernig deiliskipulagið kann að hafa áhrif á umhverfið.

Mismunandi valkostir voru ekki til samanburðar í þessu umhverfismati.

5.1 Tilkynning og matsskylda

Stækkun starfseminnar umfram 200 tonn árlega er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1g í 2. viðauka laganna. Gert er ráð fyrir því að auka heildar framleiðslu úr 200 tonnum í 500 tonn á ári í fyrsta áfanga og síðan í 1000 tonn á ári.

5.2 Áherslur og aðferðarfræði

Í vinnu við deiliskipulag var farið yfir hvaða þætti væri æskilegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa, hversu nákvæmlega og hvaða umhverfisþættir og viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis.

Við umhverfismat deiliskipulagsins var stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis.

Framsetning umhverfismats er í formi texta og venslataflna.

5.3 Kynning og samráð

Samráð var haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismats deiliskipulagsins, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir.

Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma deiliskipulagsins:

- Skipulagsstofnun

- *Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
- *Umhverfisstofnun*
 - *Vegna mögulegra umhverfisáhrifa og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
- *Vegagerðin (Siglingastofnun er að hluta til undir Vegagerðinni í dag)*
 - *Á lágsvæðum nálægt sjó skal hafa samráð við Siglingastofnun um ákvörðun lægstu gólfhæða bygginga skv. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.*
- *Viðeigandi nefndir Sveitarfélagsins Voga*
- *Landeigendur, útivistarfolk og aðrir hagsmunaaðilar*

Tillaga að deiliskipulag kynnt á almennum fundi í sveitarfélaginu 3. desember 2014.

5.4 Áhrifaþættir

Eftirfarandi áhrifaþættir eru taldir geta valdið umhverfisáhrifum:

- Aukið frárennsli.
- Fjölgun bygginga vegna stækkunar fiskeldisstöðvar, s.s. kerskýli, eldishús, eldisker, skrifstofa og rannsóknarstofa.

5.5 Umhverfisþættir

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem sjónum er beint að við umhverfismat deiliskipulags þar sem þeir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af þeim ákvörðunum sem teknar eru í deiliskipulagi.

Í umhverfisskýrslu deiliskipulags eru eftirfarandi umhverfisþættir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- *Vatn og sjór*
 - *Mengun*
- *Hverfisvernd*
 - *Ströndin*
- *Jarðfræði og jarðmyndanir*
 - *Hraun*
- *Landslag*
 - *Sjónræn áhrif*
- *Minjar*
- *Samfélagsleg og hagræn áhrif*
 - *Störf*

Aðrir umhverfisþættir eru ekki taldir verða fyrir áhrifum innan deiliskipulagssvæðisins.

Gerð verður grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum ef umhverfisáhrif eru í einhverjum af áðurtöldum þáttum talin vera veruleg.

5.6 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagið hefur í för með sér.

Í deiliskipulagi eru eftirfarandi umhverfisviðmið lögð til grundvallar:

- *Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028*
- *Skipulagslög nr. 123/2010*
- *Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*
- *Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006*
- *Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000*
- *Náttúruverndaráætlun 2009-2013*
- *Lög um menningarminjar nr. 80/2012*
- *Reglugerð um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999*
- *Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*

5.7 Greining umhverfisáhrifa

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- (+) *Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.*
 - *Deiliskipulag styður viðmið viðkomandi umhverfisþátta.*
- (0) *Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.*
 - *Deiliskipulag hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.*
- (-) *Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.*
 - *Deiliskipulag vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþátta.*
- (Ó) *Óljós áhrif á umhverfisþátt.*
 - *Deiliskipulag hefur óljós áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.*

5.8 Valkostir

Borin eru saman möguleg umhverfisáhrif vegna framkvæmdar deiliskipulagsins við líklega þróun umhverfis án framfylgdar þess, núll kost.

5.8.1 Vatn og sjór

5.8.1.1 Mengun

Í gildi eru tvö starfsleyfi fyrir Stofnfisk, annars vegar fyrir fiskeldi á landi sem gildir til ársins 2022 og hins vegar fyrir fiskvinnslu sem gildir til ársins 2024. Í gildandi starfsleyfum eru ýmis skilyrði sett, m.a. hvað varðar varnir gegn mengun (sjá nánar í kafla 1.4.1).

Meðal skilyrða í gildandi starfsleyfi:

- Beita skal bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins.
- Rekstraraðili skal tryggja umhverfisvernd, t.d. með því að fylgjast með ástandi eldisvatns og eldisbúnaðar.
- Frárennsli frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka.
- Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í fráveitu sveitarfélags eða í rotþró með siturlögn.

Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með starfseminni (sjá nánar í kafla 1.4.2). Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um meðal annars:

- Vatnsnotkun, framleiðslumagn og afföll.
- Fóðurnotkun og fóðurgerð.
- Losun efna út í umhverfið þ.m.t. magn og gerð hreinsiefna, sóttgreinsiefna og lyfja.
- Viðhald og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar.
- Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð.

Í tengslum við fiskeldið eru gerðar um 65 mismunandi mælingar til samræmis við starfsleyfi s.s. efna- og örverugreining á frárennsli, efnagreining vatns í borholum, mælingar á eldisvökva o.fl. Mælingarnar eru framkvæmdar allt frá því að vera daglega yfir í árlega.

Stofnfiskur hefur útbúið áhættumat vegna hugsanlegra áhættna í tengslum við efnaleka, blóðvatn, úrgang, frárennsli stöðva, fóðurleyfar, hljóð-, lyktar- og ljósmengun, strokufiska og eldsneytisleka sem er endurskoðað árlega.

Fylgst hefur verið með fjölda saurkólígerla í Vogavík síðan apríl 2005. Á tímabilinu apríl 2005 til ágúst 2014 (fjöldi mælinga misjafn eftir árum) hafa verið gerðar 18 mælingar, í 15 skipti mældist mjög lítil eða engin saurmengun og í 3. skipti mældist lítil mengun.

Vegna lítillar mengunar hefur ekki verið þörf á hreinsunarstöð vegna frárennslis frá fiskeldinu en í skipulaginu er gert ráð fyrir að koma megi fyrir hreinsistöð ef þörf krefur í tengslum við fiskeldið.

Fyrirtækið hefur hingað til farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru og engin ástæða er til að ætla að breyting verði þar á.

Áhrif uppbyggingar skv. deiliskipulagi á vatn og sjó (*mengun*) eru vegna þessa talin óveruleg.

5.8.2 Hverfisvernd

5.8.2.1 Ströndin

Á hverfisverndarsvæðinu H-1, sunnan við Voga, er verið að vernda ströndina, Kristjánstanga, og Síkistjarnir og votlendið umhverfis þær.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir að frárennsli frá athafnasvæðinu verði áfram um frárennsliör sem liggur í gegnum hverfisverndina við sjóinn. Eins og kom fram í kaflanum hér á undan þá hefur saurmengun mælst lítil, mjög lítil eða engin og gert er ráð fyrir að ef breyting yrði á vegna stækkunar yrðu gerðar viðeigandi ráðstafanir s.s. að setja upp hreinsistöð.

Gert er ráð fyrir göngustíg meðfram ströndinni innan svæðis hverfisverndar en engum öðrum framkvæmdum skv. deiliskipulagi þessu. Stígurinn verður á grónu svæði ofan við fjöruna og því er ekki talið að uppbygging hans hafi veruleg áhrif á hverfisverndaða fjöruna.

Áhrif uppbyggingar skv. deiliskipulagi á hverfisvernd (*ströndina*) eru vegna þessa talin óveruleg.

5.8.3 Jarðfræði og jarðmyndanir

5.8.3.1 Hraun

Samkvæmt *lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd* njóta eldhraun, sem myndast hafa eftir að jökla leysti á síðjökultíma, sérstakrar verndar í samræmi við 3. gr.

Skipulagssvæðið er á dyngjuhrauni, eldra en 7000 ára⁴. Hraunið er gróið þar sem því hefur ekki verið raskað. Þar eru grónir hraunhólar sem eru að hluta til innan athafnasvæðisins og því eru staðbundin óafturkræf neikvæð áhrif. Við afmörkun athafnasvæðis í aðal- og deiliskipulagi voru mörkin dregin með það í huga að hafa sem flesta hraunhólana utan athafnasvæðisins. Vegna þess og þar sem svæðið er ekki frábrugðið hraunsvæðum umhverfis þess svæðis sem skipulagið nær til eru áhrif uppbyggingar skv. deiliskipulagi á jarðfræði og jarðmyndanir (*hraun*) talin óveruleg.

5.8.4 Landslag

5.8.4.1 Sjónræn áhrif

Sjónræn áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar samkvæmt deiliskipulagi eru talin óveruleg. Fyrir eru á svæðinu byggingar, kerskýli fyrir eldisker á landi, ásamt öðrum mannvirkjum vegna núverandi starfsemi Stofnfisks. Ný mannvirki samkvæmt deiliskipulagi eru skrifstofubygging, rannsóknastofa, kerskýli og aðrar byggingar tengdar fiskeldi og verður hæð þeirra og umfang í skala við þau mannvirki sem fyrir eru á svæðinu.

⁴ Kristján Sæmundsson, Haukur Jóhannesson, Árni Hjartarson, Sigurður Garðar Kristinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson 2010 Jarðfræðikort af Suðvesturlandi, 1:100.000. Íslenskar orkurannsóknir.

Áhrif uppbyggingar skv. deiliskipulagi á Landslag (*sjónræn áhrif*) eru vegna þessa talin óveruleg.

5.8.5 *Minjar*

Innan athafnasvæðis innan skipulagssvæðisins eru skráðar 20 minjar, sjá skipulagsuppdrátt. Af þeim eru 13 sem mögulega eru yngri en 100 ára. Þær minjar sem eru taldar frá því fyrir 1900 eru *nr. 042 heimild um rétt, 177 hleðsla óþekkt, 182 þúst óþekkt, 186 þúst óþekkt, 188 hleðsla óþekkt og 189 A,B,C hleðsla óþekkt*. Líklegt má telja að flestar þessara minja verði fyrir áhrifum vegna framkvæmda og að margar þeirra sem eru innan athafnasvæðisins hverfi alveg. Útfærsla uppbyggingar á svæðinu hefur mikil áhrif á það hvaða minjar hverfi og eru því áhrif uppbyggingar samkvæmt deiliskipulagi talin vera fremur óljós.

Þar sem óheimilt er að ráðast í framkvæmdir í nánd við þessar minjar nema að undangengnu samráði við Minjastofnun Íslands er talið að áhrif uppbyggingar skv. deiliskipulagi á *minjar* verði óveruleg eða óljós.

5.8.6 *Samfélagsleg og hagræn áhrif*

5.8.6.1 *Störf*

Núverandi fjöldi starfsmanna í starfstöðinni Vogavík er um 15 manns en gera má ráð fyrir að vegna stækkunar fjölgi um 10-15 störf. Auk þess er gert ráð fyrir að byggja skrifstofuhúsnæði fyrir skrifstofur fyrirtækisins og mun því starfsmönnum á svæðinu fjölga sem því nemur en í dag eru starfsmenn skrifstofunnar 6 en mun sennilega fjölga í 10. Í heild má því gera ráð fyrir að störfin eftir stækkun verði 30-40. Gert er ráð fyrir að stækkun fiskeldisstöðvarinnar hafi jákvæð áhrif á störf í sveitarfélaginu. Samfélagsleg og hagræn áhrif (*störf*) uppbyggingar skv. deiliskipulagi eru vegna þessa talin jákvæð

5.8.7 *Núll kostur*

Núll kostur er sá möguleiki að ekki verði ráðist í framkvæmd samkvæmt deiliskipulagi og að núverandi ástand muni ríkja áfram innan deiliskipulagssvæðisins.

Í öllum tilfellum er núll kostur, núverandi ástand, talin hafa óveruleg áhrif á umhverfisþætti.

5.9 ***Samantekt og niðurstaða***

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að deiliskipulagið í heild muni hafa í för með sér óveruleg áhrif á umhverfið. Óveruleg áhrif eru talin vera á alla umhverfisþætti fyrir utan möguleg óljós áhrif sem eru talin á minjar og jákvæð samfélagsleg og hagræn áhrif vegna fjölgunar starfa í sveitarfélaginu.

Ekki er talin þörf á vöktunaráætlun vegna mögulegra umhverfisáhrifa.

Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér að neðan.

<i>Umhverfispættir</i>		<i>Vogavík skv. deiliskipulagi</i>		<i>Núll kostur</i>
<i>Vatn og sjór</i>	<i>Mengun</i>	0		0
<i>Hverfisvernd</i>	<i>Ströndin</i>	0		0
<i>Jarðfræði og jarðmyndanir</i>	Hraun	0		0
<i>Landslag</i>	Sjónræn áhrif	0		0
<i>Minjar</i>		0	Ó	0
<i>Samfélagsleg og hagræn áhrif</i>	Störf	+		0
<i>Niðurstaða</i>		0		0